

Ed.

385. Lög

um breyting á lögum nr. 54, 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl).

2. gr. laganna skal orða svo:

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að 5% af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem ákvæðisverð prestsmötugjalds nemur, sbr. 5.—7. gr. laga nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta. Kaup skulu síðan gerð áður ár sje liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.